


Blóðlækningadeild 11G

Upplýsingar fyrir sjúklinga



Velkomin á blóðlækningadeild 11G

Þau geta verið erfið skrefin þegar lagst er inn á sjúkrahús. Starfsfólki deildarinnar er ljóst að kvíði og óvissa um framtíðina getur skapað streitu hjá fjölskyldum. Með góðu samstarfi fagfólks á deildinni reynum við eftir fremsta megni að gera dvöl allra sjúklinga deildarinnar sem léttasta.

Markmið þessa bæklinga er að veita þeim sem til okkar leita upplýsingar um starfsemina og hvernig best megi nýta þá þjónustu sem við veitum.

Ef eitthvað er óljóst eða spurningar vakna erum við alltaf reiðubúin til að reyna að greiða úr því.

Símanúmer:

Landspítali, sólarhringsþjónusta 543 1000

Blóðlækningadeild 11G 543 6220

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli skal vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali er háskólasjúkrahús og kennsluspítali. Nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum og fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

Kynning

Á blóðlækningadeild 11G fer fram greining og meðferð blóðsjúkdóma. Við fyrstu innlögn á deildina mun starfsfólkið reyna að afla sér allra þeirra upplýsinga um skjólstæðinginn sem talin er þörf á. Á það við bæði þær upplýsingar sem skjólstæðingurinn sjálfur gefur, og þær upplýsingar sem ýmsar rannsóknir geta gefið. Þessu er öllu safnað saman til þess að unnt sé að veita þá bestu meðferð sem í boði er.

Við innlögn er ákveðið hvaða blóðlæknir, hjúkrunarfræðingur og sjúkraliði munu bera ábyrgð á meðferð og hjúkrun skjólstæðings þar til hann er útskrifaður.

Læknirinn þinn er:

.....

Hjúkrunarfræðingurinn þinn er:

.....

Sjúkraliðinn þinn er:

.....

Daglegt líf á 11G

Blóðlækningadeild 11G sem er 14 rúma deild, var fyrst opnuð þann 15. febrúar 2002 eftir sameiningu sérgreina á LSH.

Dagurinn er oft erilsamur á deildinni, enda fer þar fram bæði greining og meðferð blóðsjúkdóma. Stór hluti dagsins fer oft í margvíslegar rannsóknir, lyfjameðferð með frumuhemjandi lyfjum, blóðgjafir og ýmiss konar stuðningsmeðferð. Stofugangur lækna er yfirleitt milli kl. 09:30 og 10:30 á virkum dögum, en það er misjafnt um helgar.

Enginn fastur heimsóknartími er á deild 11G og eru aðstandendur hvattir til að heimsækja inniliggjandi sjúklinga en gott er að geyma það þar til eftir klukkan 14:00 á daginn nema sérstaklega standi á.

Sími

Hægt er að hringja að nóttu sem degi, til að fá upplýsingar um sína nánustu sem liggja á deildinni. Gott er að fjölskyldur ákveði einn eða tvo tengiliði úr fjölskyldunni, sem sjá um að afla upplýsinga þannig, því að oft er mikið álag á símakerfi deildarinnar.

Sjúklingasími er á deildinni þannig að hægt er að fá samband við þá sem inni liggja. Notkun GSM síma er leyfð á deildinni, en við hvetjum alla til að taka tillit til annarra og stilla símana á lágværa hringingu.

Blóm

Blóm í vasa eru falleg en ekki alltaf æskileg. Vegna þeirrar sýkingarhættu sem lifandi blóm geta valdið eru þau ekki leyfð á sjúkrastofum deildarinnar.

Verslun

Verslun Rauða Kross Íslands er í aðalanddyri spítalans, þar er einnig að finna gos- og sælgætissjálfsala og hraðbanka. Aðstandendur geta keypt sér mat í matsal spítalans gegn matarmiðum sem þar eru keyptir.

Reykingar

Reykingar starfsmanna og annarra eru ekki leyfðar á Landspítala eða á lóð hans. Sjúklingum býðst aðstoð til þess að hætta að reykja ef þeir þessa óska. Í kjallara hússins er þó reykherbergi fyrir sjúklinga.

Afbreyting

Rauði Kross Íslands rekur bókasafn á spítalanum. Bókavagn kemur á deildina á þriðjudögum klukkan 15:30 - 16:30. Þar er einnig hægt að fá segulbandstæki og hljóðbækur að láni. Útvarp er við hvert rúmstæði og sjónvarp við flest öll.

Persónulegir munir eins og myndir, segulbandsspólur, geisladiskar og annað sem veitir vellíðan er velkomið að hafa hjá sér, þó ber að benda á að spítalinn getur ekki ábyrgst verðmæti.

Starfsfólk deildar 11G

Á deildinni starfa hinar ýmsu starfsstéttir svo sem læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, ræstitæknar, ritarar og fleiri. Eitt eiga þau þó öll sameiginlegt, þau eru þar til að sinna skjólstæðingum deildarinnar.

Öllu starfsfólki spítalans ber að vera með auðkenniskort, þannig má sjá hvað allir heita og hvaða starfsstétt þeir tilheyra.

Annað starfsfólk sem kemur að deildinni

Félagsráðgjafar vinna með öðrum fagstéttum að velferð sjúklinga og aðstandenda þeirra. Þeir veita ráðgjöf varðandi félagsleg réttindi og tryggingamál og aðstoða við að finna viðeigandi úrræði í samfélaginu sem nýtist sjúklingnum. Félagsráðgjafi býður upp á einstaklings-, fjölskyldu-, og/eða hjónaráðgjöf.

Sjúkráþjálfun getur farið fram sem hópmeðferð af ýmsu tagi eða einstaklingsmeðferð. Markmiðið er að auka þrek og þol, minnka verki og auka vellíðan. Sjúkráþjálfun stendur til boða bæði á deildinni og í tækjasal.

Iðjuþjálfun byggir á því sjónarmiði að iðja fólks gegni lykilhlutverki í því að viðhalda og efla heilsu og vellíðan. Í veikindum getur fólk lent í erfiðleikum með daglega iðju, eins og að sjá um sig sjálfur. Iðjuþjálfun hefur það markmið að hjálpa fólki til sjálfbjargar.

Næringarráðgjafi veitir ráðgjöf um mataræði. Hann er einkum kallaður til ef sjúklingur þarf á sérstöku fæði að halda, þarf leiðbeiningar um mataræði eða er lystarlítill.

Prestar og djáknar sinna sálgæslu sjúklinga og aðstandenda þeirra. Guðsþjónusta er á 4. hæð spítalans annan hvern sunnudag og er auglýst á töflu við vaktina.

Sálfræðingar sinna þeim sjúklingum og aðstandendum þeirra sem þurfa á sálfræðilegri greiningu, ráðgjöf eða meðferð að halda.

Minningarsjóður

Það er hlýlegt að senda vinum og vandamönnum minningarkort til að minnst láttinna ástvina þeirra.

Á blóðlækningadeild 11G eru gefin út minningarkort og rennur fé sem þannig aflast í sjóð sem nýttur er til að bæta þjónustu á deildinni. Kortin eru seld á skrifstofa hjúkrunar við Hringbraut, sími 543 1151 og er hægt að fá sendan gíróseðil eða koma á skrifstofuna og borga.

Til minnis:

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI - LYFLÆKNINGASVIÐ II
BLÓÐLÆKNINGADEILD 11G VIÐ HRINGBRAUT
1. ÚTGÁFA SEPTEMBER 2007

HÖFUNDUR OG ÁBYRGÐARMAÐUR:

GUÐBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

HÖNNUN: KYNNINGARMÁL LSH/AV

LIÓSMYND: KYNNINGARMÁL LSH/AV